



# Vesturbyggð

Aðalstræti 75, 450 Patreksfirði, kt. 510694-2369, Sími 450-2300.

Atvinnuvegaráðuneyti

Borgartúni 26  
105 Reykjavík

Vesturbyggð, 3. apríl 2025  
2504018 GBS

Efni: Umsögn um drög að frumvarpi um breytingar á lögum um veiðigjald

Vesturbyggð gerir ekki athugasemdir við sanngjarna gjalddöku af auðlindum þjóðar, þar á meðal sjávarafurðum.

Vesturbyggð hefur hinsvegar miklar áhyggjur af áhrifum frumvarpsins á minni og meðalstórar útgerðir og fiskvinnslur ásamt þeim sjávarbyggðum þar sem þær starfa. Aukin gjaldtaka getur haft umfangsmikil áhrif á greinina sem leitt geta til aukinnar samþjöppunar með tilheyrandi fækkun starfa.

Það er ekki að sjá af þeim gögnum sem fylgja frumvarpinu að greining hafi farið fram á áhrifum frumvarpsins á sveitarfélög. Vesturbyggð minnir á 129. gr. sveitarstjórnarlaga en þar segir að þegar ákvarðanir af hálfu stjórnvalda muni hafa fjárhagsleg áhrif á sveitarfélögin skuli fara fram sérstakt mat á áhrifum lagabreytinganna á fjárhag sveitarfélaga. Slíkt mat hefur ekki verið lagt fram um þessa lagabreytingu. Jafnframt er gerð athugasemd við þann stutt frest sem gefin var til að veita umsögn um málið.

Stór hluti tekna Vesturbyggðar kemur frá útgerð og vinnslu í sveitarfélaginu. Frumvarpið getur því haft veruleg neikvæð áhrif á rekstur sveitarfélagsins og burði þess til að viðhalda sterku og lifandi samfélagi.

Vesturbyggð skorar á stjórnvöld gera breytingar á frumvarpinu með hækkun á frítekjumarki svo tryggja megi áframhaldandi rekstur minni og meðalstórra útgerða víðsvegar um landið.

Vesturbyggð telur mikilvægt að samhliða framlagningu frumvarpsins verði unnin skýr stefnumörkun um ráðstöfun veiðigjaldsins af hálfu ríkisins.

Virðingarfyllst,

Gerður Björk Sveinsdóttir,  
bæjarstjóri Vesturbyggðar